

Kristján Búason:

## Minning um látna féлага á 30 ára afmælishátíð Rótarýklúbbsins Reykjavík-Breiðholt,

14. des. 2013 ( Stofndagur 12. 12. 1983)

### Rótarýklúbburinn Reykjavík - Breiðholt Látnir félagar



Guðmundur Rúnar  
Bjarnleifsson



Valdimar  
Ólafsson



Hreinn Hjartarson



Þorsteinn Elton Jónsson



Jón Stefán Rafnsson



Magnús Ólafsson



Stefán  
Aðalsteinsson



Jón Bððvarsson



Ólafur E. Ólafsson

Kæru rótarýfélagar og gestir!

**Er mér var falið af forseta að minnst níu látinna klúbbfélaga á þessum tímamótum í sögu klúbbsins fannst mér ástæða til að rekja stuttlega það, sem við öll fyrrverandi félagar og núverandi félagar áttum og eigum sameiginlegt með þeim, áður en ég viki með fáum orðum að hverjum og einum.**

Þegar horft er um öxl til 30 ára starfs Rótarýklúbbsins Reykjavík-Breiðholt minnumst við margra þeirra, sem gegndu kalli til þátttöku í starfi Rótarýhreyfingarinnar. Við vorum 29 talsins við stofnun klúbbsins 12. des. 1983. Margir hafa tengzt klúbbum síðar. Sumir hafa staðið stutt

við, aðrir lengur og enn aðrir eru hér enn. Af ýmsum ástæðum, sem ég ætla ekki að rekja, hafa á þessum þrem áratugum nokkrir sagt sig úr klúbbum. Þeir eru ekki gleymdir. Við söknum þeirra.

Hinir föllnu félagar voru valdir og kallaðir eins og við sem eftir lifum – bæði fyrrverandi félagar og núverandi – til þjónustu við rótarýhugsjónina vegna forystu á sínu sviði og/eða vegna þess að orð fór af þeim sem góðum félögum og fulltrúm fyrir sína starfsgrein á vettvangi þjóðlífsins.

Rótarýklúbburinn Reykjavík-Breiðholt átti því láni að fagna að hafa innan sinna vébanda fulltrúa mjög ólíkra starfsgreina, sem endurspegluðu eftirtektarverða breidd af vettvangi samfélagsins. Séreinkenni Rótarýhreyfingarinnar eru jú þau, að menn veljast til þátttöku á grundvelli starfsgreina.

Það skiptir máli fyrir félag, að Rótarýhreyfingin með öllu því, sem hún stendur fyrir, falli að lífsviðhorfi þeirra, og ekki aðeins þeirra heldur einnig maka þeirra, sem styðja þátttöku þeirra í hreyfingunni. Makar rótarýfélaga tengjast Rótarýhreyfingunni gjarnan formlega í „Inner Wheel“ og halda tryggð við hana, þrátt fyrir breytingar á högum fjölskyldunnar. Þessi tímamót eiga þeir með okkur.

Einkunnarorð Rótarýhreyfingarinnar eru „Þjónusta ofar eigin hag.“ Þessi þjónusta á að endurspeglast og hefur birzt með ýmsum hætti í lífi félaganna.

Í fyrsta lagi birtist hún á starfsvettvangi féлага í þjónustu samborgara sinna sem og fjölskyldu.

Í öðru lagi birtist þessi þjónusta á vettvangi rótarýklúbbsins í því, að félagar hafa miðlað af sjálfum sér víðtækri þekkingu og reynslu, upplýsingum um starf sitt og starfsvettvang, ekki aðeins í beinum starfsgreinarerindum eða fyrirlestrum gesta af skyldum vettvangi þjóðlífsins, heldur ekki síður í samtölum og í viðkynningu á fundum klúbbsins. Þannig hafa þeir gefið okkur skilning á starfi þeirra, mikilvægi þess og vakið með okkur virðingu fyrir því. Þetta gerðu hinir látnu félagar.

Í þriðja lagi hefur Rótarýhreyfingin veitt félögum tækifæri til margvíslegrar samfélagsþjónustu hér heima og erlendis. Þeir félagar okkar, sem látnir eru, hafa tekið þátt í þessu með okkur, sem lifum. Þar ber hæst framlag klúbbfélaga til Rótarýsjóðsins, sem hefur tekið þátt í að fjármagna útrýmingu lömunarveikinnar í heiminum. Þannig höfum við öll tengzt margvíslegri þjónustu, sem er stærri og jafnvel göfugri en við sjálf. Án Rótarýhreyfingarinnar hefðum ekki verið með.

Við minnumst nú sérstaklega þessara föllnu félaga nokkrum orðum um leið og formaður hátíðarnefndar, Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, tendrar ljós á kerti um leið og nafn hins látna félaga verður lesið.

#### 1. Jón Stefán Rafnsson

Hann var fæddur 20. des. 1946. Hann var tannlæknir og hafði verið félagi í þáverandi Rótarýklúbbi í Ólafsvík. Hann var stofnfélagi í klúbbnum okkar og starfsgrein hans var: Tannlækningar.

Jón hafði gegnt marvíslegum trúnaðarstörfum á vegum Tannlæknafélags Íslands, setið í stjórn þess og Lífeyrissjóðs Tannlæknafélagsins, og Lyfjanefnd Tannlæknafélagsins

Jón lézt 27. jan. 1985 aðeins 38 ára að aldri.

Kona hans var: Svanborg María Gísladóttir.

Til minningar um Jón Stefán Rafnsson stofnaði klúbburinn til árlegra verðlauna fyrir þann nemanda, sem Fjölbrautaskólinn í Breiðholti teldi hafa sýnt lofsverða ástundun og framfarir í námi og verið virkur í félagslífi skólans. Síðar hafa klúbbfélagar litið svo á að verðlaunin væru jafnframt til minningar um alla látna félaga.

## 2. Guðmundur Rúnar Bjarnleifsson

Hann var fæddur 28. maí 1945. Hann var meistari í stálsmíði og starfaði við framleiðslu á iðnaðargasi. Hann var stofnfélagi. Starfsgrein hans var: Iðnaður, gasframleiðsla. Guðmundur starfaði víða að margvíslegum verkefnum, stórum sem smáum hér á landi og í Svíþjóð, sem tengdust stálsmíðinni, m. a. Búrfellsvirkjun, Landsmíðjunni, Stálsmíðjunni, og Stálvík. Þá var hann í forystu fyrir Félagi járníðnaðarmanna.

Guðmundur lézt 6. sept. 2000 aðeins 55 ára að aldri.

Kona hans var: Ása S. Þorsteinsdóttir.

## 3. Þorsteinn Elton Jónsson

Hann var fæddur 19. okt. 1921. Hann var flugmaður og flugstjóri kominn á eftirlaun, er hann 12. des. 1988 gerðist félagi klúbbsins. Hann hafði þá keypt sér trillu. Í samræmi við það var starfsgrein hans: Útgerðarmaður smábáta. Frá 19 ára aldri tengdist lífsstarf hans flugi. Hann var flugmaður og síðar flugstjóri, fyrst sem orustuflugmaður í Royal Air Force á stríðsárunum, síðan í farþegaflugi hjá íslenskum og erlendum flugfélögum, meðal annars í hinu sögulega Biafraflugi. Síðast var hann flugstjóri hjá Cargolux 1970-1987. Hann gegndi ýmsum trúnaðarstörfum á vegum Félags íslenskra atvinnuflugmanna, formaður þess nokkrum sinnum. Hann var hvatamaður að stofnun Flugbjörgunar-sveitarinnar og fyrsti formaður. Þá var hann formaður félags atvinnuflugmanna í Luxemborg.

Þorsteinn lézt 30. des. 2001 80 ára að aldri.

Kona hans var: Katrín Þórðardóttir.

#### 4. Magnús Ólafsson

Hann var fæddur 10. nóv. 1942. Hann var forstjóri Fasteignamatís ríkisins er hann gerðist félagi klúbbsins 19. júní 1989. Starfgrain hans var: Fasteignamat. Hann var byggingaverkfræðingur frá Verkfræðiháskólanum í Kaupmannahöfn og starfaði sem slíkur fyrst hjá Vita- og hafnamálaskrifstofunni, þá hjá verkfræðistofnuninni Hönnun, síðan sem byggingafulltrúi Mosfellshrepps, deildarverkfræðingur hjá Fasteignamati ríkisins og síðan forstjóri þar.

Magnús lézt 23. febr. 2003 60 ára að aldri.

Kona hans var: Herðís Heiðdal.

#### 5. Hreinn Hjartarson

Hann var fæddur 31. ágúst 1933. Hann var sóknarprestur í Fella- og Hólaprestakalli, þegar hann gerðist stofnfélagi klúbbs okkar. Starfsgrein hans var: Kristni, mótmælendur. Sr. Hreinn lauk embættisprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands 1961. Hann stundaði guðfræðináms í Þýzkalandi 1968-1969. Hann vígðist til Ólafsvíkurprestakalls 1963, var sjúkrahúsprestur í Kaupmannahöfn 1970 þar til hann gerðist sóknarprestur í Fella- og Hólaprestakalli 1975, sem hann þjónaði til dauðadags. Þar vann hann með safnaðarfólki sínu að byggingu veglegrar sóknarkirkju. Sr. Hreinn gegndi margvíslegum trúnaðarstörfum í þjóðkirkjunni, sat Kirkjuþing frá 1982, í Kirkjuráði 1990-2002, var formaður stjórnar Kirkjuhússins og Skálholtsútgáfunnar frá 1990. Þá sat hann í stjórn Fjölskylduþjónustu kirkjunnar frá 1992 og stjórn hjálparstarfs kirkjunnar 1993-1999.

Séra Hreinn lézt 28. marz 2007 73 ára að aldri.

Kona hans var: Sigrún Ingibjörg Halldórsdóttir.

## 6. Georg Valdimar Ólafsson

Hann var fæddur 13. ágúst 1926. Hann var yfirflugumferðarstjóri, þegar hann gerðist stofnfélagi klúbbsins. Starfsgrein hans var: Flugumferðarstjórn. Valdimar lauk prófi frá Loftskleytaskóla Íslands, nam síðan flugumferðarstjórn hér í Reykjavík, Bretlandi og Bandaríkjunum. Hann var í hópi fyrstu íslensku flugumferðarstjórnanna, sem tóku við af hernum eftir stríð. Hann hóf störf hjá Flugumferðarstjórn 1947 og starfaði síðan við flugumferðarstjórn allt til starfsloka, síðast sem yfirflugumferðarstjóri. Hann var forseti Rótarýklúbbsins Reykjavík-Breiðholt 1988-1989.

Valdimar lézt 2. apríl 2008 81 árs að aldri.

Kona hans var: Helga Árnadóttir.

## 7. Stefán Aðalsteinsson

Hann var fæddur 30. des. 1926. Hann var deildarstjóri Búfjárdeildar Atvinnudeildar Háskóla Íslands (Síðar Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins), þegar hann gerðist stofnfélagi rótarýklúbbsins okkar. Starfsgrein hans var: Búfjárerfðafræði, síðar: Tölfræðingur. Stefán var búfræðingur frá Hólum 1951, búfræðikandidat (síðar kallað Sivilagronom) frá Norges Landbrugshøgskole, Búfjárdeild, og doktor (Ph.D.) 1969 frá Edinborgarháskóla, Tölfræðideild, um efnið: Erfðir litarhafts í íslensku sauðfé og samband litar, frjósemi og frjóvgunar. Lífsstarf hans tengdist fyrst og fremst rannsóknum á erfðum íslensks búfjár, fyrst aðstoðarmaður, síðan sérfræðingur og loks deildarstjóri Atvinnudeildar Háskóla Íslands, Búfjárdeild. Hann var ullarmatsmaður til fjölda ára, ritstjóri Búnaðarblaðsins um skeið, stundakennari við Háskóla Íslands og víðar. Framkvæmdastjóri Norræns genabanka í Ås fyrir búfé á vegum

Norrænu ráðherranefndarinnar um sex ára skeið 1991-1997. Hann lauk starfsferli sínum við tölfræðirannsóknir við Leitarstöð krabbameinsfélags Íslands. Hann hafði verið um skeið formaður í Félagi íslenzkra náttúrufræðinga, Félagi íslenzkra búfræðikandidata og félagi í ýmsum alþjóðlegum félögum fræðimanna á hans fræðasviði. Eftir hann liggja fjölmargar fræðilegar ritgerðir. Stefán var forseti klúbbsins okkar 1986-1987 og annar aðal-hagyrðingur klúbbsins.

Stefán lézt 5. nóv, 2009 82 ára að aldri.

Kona hans var: Erla Jónsdóttir

## 8. Jón Böðvarsson

Hann var fæddur 2. maí 1930. Hann var ritstjóri Iðnsögu Íslendinga, þegar hann gerðist félagi klúbbsins okkar 6. nóv. 1989. Starfsgrein hans var: Ritstjórn. Hann hafði áður verið félagi í Rótarýklúbbi Keflavíkur 1977-1989. Jón var cand. mag. í íslenzku frá Háskóla Íslands 1964 og lauk prófi í uppeldis- og kennslufræðum frá sama skóla 1972. Lífsstarf hans tengdist íslenzkum fræðum og þó einkum kennslu og fræðslumálum. Hann kenndi við gagnfræðastig í Reykjavík og Kópavogi á árunum milli 1953-1966 og Menntaskólanum við Hamrahlíð 1966-1976. Hann var skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja við stofnun hans 1976-1984, unz hann varð ritstjóri Iðnsögu Íslendinga 1985-1997. Hann gegndi ýmsum trúnaðarstörfum tengdum skólamálum. Eftir hann liggja kennslu- og fræðirit. Hann var fjölfróður leiðsögumaður á söguslóðum, m. a. með okkur félagi, og vinsæll fyrirlesari um Íslendingasögur við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.

Jón lézt 4. apríl 2010 79 ára að aldri.

Kona hans var: Guðrún Erla Björgvinsdóttir

## 9. Ólafur Einar Ólafsson

Hann var fæddur 6. marz 1958. Ólafur var markaðsstjóri hjá Osta og smjörslunni sf., þegar hann gerðist félagi í klúbbum okkar 19. júní 1989. Starfsgrein hans var: Mjólkuriðnaður, osta- og smjörsla. Ólafur var viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands 1982. Hann var framkvæmdastjóri hjá Verzlunarfélaginu Festi 1982-1985 og skrifstofustjóri hjá Víði sf. 1986. Hann var markaðsstjóri hjá Osta- og smjörslunni 1986-1994, síðan framkvæmdastjóri markaðs- og sölusviðs sama fyrirtækis frá 1994. Hann tók við stöðu framkvæmdastjóra Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar árið 2007 og gegndi því starfi til dauðadags.

Ólafur lézt 17.m aí 2012, aðeins 53 ára að aldri.

Kona hans var: Þorbjörg Jónsdóttir.

Með þessari minningarstund viljum við tjá þakklæti okkar fyrir samfylgdina á vegi Rótarýhreyfingarinnar fyrir þjónustu þessara félaga við okkur og samfélagið. Við hefðum ekki viljað vera án hennar. Blessuð sé minning þeirra.